

SONY®

Mikilvægar upplýsingar

©2015

Vefsíða fyrir viðskiptavinum Sony

Á www.sonymobile.com/support er að finna stuðningssíðu þar sem hjálp og ráðleggingar eru veittar. Þar finnur þú nýjustu hugbúnaðaruppfærslur fyrir tölvur ásamt ábendingum um hvernig þú getur notað vöruna á skilvirkari hátt.

Þjónusta og notendapjónusta

Þú hefur aðgang að víðtækri þjónustu og upplýsingum, meðal þeirra eru:

- Hjálparsíður á netinu.
- Tengiliðastöðvar út um allan heim.
- Víðtæk netkerfi þjónustuaðila Sony.
- Gildistími ábyrgðar. Upplýsingar um ábyrgðarskilmála í *takmörkuð ábyrgð* hlutanum.

Á www.sonymobile.com/support eða www.sonymobile.com/contact getur þú fundið nýjustu tæki og upplýsingar. Hafðu samband við símafyrirtækið þitt til að fá frekari upplýsingar um þjónustu þess.

Þú getur einnig haft samband við tengiliðamiðstöð eða haft samband við sölumann á þínu svæði. (Rukkað er fyrir símtöl í samræmi við gjaldskrá fyrir innanlandssímtöl, þ.m.t. skatta, nema í gjaldfrjálst númer.)

Ef varan þarfnast viðgerðar skaltu hafa samband við söluaðilann eða viðhaldsaðila. Til að gera kröfu undir takmarkaðri ábyrgð þarf kaupmála.





Leiðbeiningar um örugga og skilvirka notkun

Vinsamlega fylgdu þessum leiðbeiningum. Sé það ekki gert getur það verið hættulegt heilsu þinni eða leitt til þess að varan bili. Ef einhver vafi leikur á virkni vörunnar skaltu fara með hana til vottaðs þjónustuaðila áður en þú hleður eða notar hana.



Ábendingar um umhirðu og örugga notkun vara frá okkur

- Meðhöndlaðu með aðgát og geymdu á hreinum og ryklausum stað.
- Varúð! Sprengihætta ef fargað í eldi.
- Má ekki nota við aðstæður sem eru utan viðeigandi IP-marka, ef við á, (þ.m.t. á miklu dýpi eða undir miklum þrýstingi vökva og/eða ryks) og má ekki útsetja fyrir miklum raka.

- Til að ná hámarksafköstum ætti ekki að nota vöruna þar sem hitastigið er undir $-10^{\circ}\text{C}(+14^{\circ}\text{F})$ eða yfir $+45^{\circ}\text{C}(+113^{\circ}\text{F})$. Haltu rafhlöðunni frá hitastigi yfir $+60^{\circ}\text{C}(+140^{\circ}\text{F})$. 
- Haltu fjarri eldi og logandi vindlingum. 
- Gættu þess að missa ekki vöruna né varpa henni eða reyna að sveigja hana. 
- Málaðu ekki á vöruna og reyndu ekki að taka hana í sundur eða breyta henni. Aðeins viðurkenndir starfsmenn Sony ættu að gera við vöruna. 
- Ráðfærðu þig við viðurkennt heilbrigðisstarfsfólk og leiðbeiningar frá framleiðanda lækningatækisins áður en varan er notuð nálægt gangráðum eða öðrum lækningatækjum eða -búnaði.
- Hættu notkun rafeindatækja eða slökktu á fjarskiptavirkni tækisins ef nauðsyn krefur eða beðið er um það.
- Ekki nota þar sem er sprengihætta.
- Ekki setja vöruna eða koma fyrir þráðlausum búnaði á svæðum fyrir ofan loftþúða í ökutækjum.
- **Varúð:** Brotnir eða skemmdir skjáir geta verið með beittum brúnum sem geta verið hættulegar.
- Notaðu ekki Bluetooth höfuðtöl í stöðu þar sem það veldur óþægindum eða verður fyrir þrýstingi.
- Forðist snertingu við húð í lengri tíma. Hitinn sem tækið myndar þegar það sendir frá sér getur ert húðina. Mælt er með því að nota höfuðtöl fyrir löng símtöl.

Börn

Varúð! Geymið þar sem börn ná ekki til. Leyfið ekki börnum að leika sér að farsímatækjum eða fylgihlutum. Þau gætu meitt sig eða aðra. Vörur geta innihaldið smáa hluti sem gætu losnað og valdið hættu á köfnun.



Rafmagn (hleðslutæki)

Tengdu hleðslutækið í aflugjafa sem tilgreindir eru á vörunni. Notaðu ekki utandyra eða á rökum svæðum. Ekki breyta snúrunni eða láta hana verða fyrir skemmdum eða álagi. Taktu tækið úr sambandi áður en það er hreinsað. Breyttu aldrei tenginu. Ef það passar ekki í innstunguna skaltu fá rafvirkja til að setja upp rétta innstungu. Þegar hleðslutækið er tengt fer smá orka til spillis. Til að koma í veg fyrir þessa litlu orkusóun skaltu taka hleðslutækið úr sambandi þegar varan er fullhlaðin. Notkun hleðslutækja sem eru ekki frá Sony getur dregið úr öryggi.

Rafhlaða

Nýjar rafhlöður eða rafhlöður sem hafa ekki verið notaðar í nokkurn tíma geta verið aflminni í stuttan tíma. Fullhladdu rafhlöðuna áður en byrjað er að nota hana. Notaðu hana aðeins í tilætluðum tilgangi. Hladdu aukabúnaðinn við hitastig á bilinu +5°C (+41°F) til +45°C (+113°F). Ekki setja rafhlöðuna upp í munn. Láttu tengin á rafhlöðunni ekki snerta aðra málmhluti. Slökktu á vörunni áður en rafhlaðan er fjarlægð. Afköst fara eftir hitastigi, sendistyrk, notkunarmynstri, notkun valkosta og radd- eða gagnasendingum. Einungis þjónustuaðilar Sony ættu að fjarlægja eða skipta um innbyggðar rafhlöður. Notkun rafhlaðna sem eru ekki frá Sony getur dregið úr öryggi. Þegar skipta þarf um rafhlöðu skaltu einungis nota Sony rafhlöðu sem hefur verið vottuð með vörunni skv. IEEE-1725 staðlinum. Notkun á rafhlöðu sem ekki hefur verið vottuð býður upp á hættu á bruna, sprengingu, leka eða annarri hættu.

Persónuleg lækningatæki

Farsímatæki / tæki með útvarpsendi getur haft áhrif á ígrædd lækningatæki. Dragðu úr hættu á truflun með því að hafa 15 sm(6 tommur) lágmarksfjarlægð á milli Sony vörunnar og lækningatækisins. Notaðu Sony tækið við hægra eyrað, þegar við á. Ekki bera tækið í brjóstvasanum. Slökktu á tækinu ef grunur leikur á truflun. Hafðu samband við lækni og framleiðanda tækisins þegar nota á tækið nálægt persónulegu lækningatæki.

Akstur

Í sumum tilvikum leggja bílaframleiðendur bann við notkun farsímatækja í ökutækjum sínum, nema notaður sé handfrjáls búnaður með ytra loftneti. Gangið úr skugga um það hjá bílaumboðinu að farsímatækið eða handfrjáls Bluetooth-búnaður trufli ekki rafeindabúnað farartækisins. Ávallt skal veita akstrinum óskerta athygli, sem og fylgja lögum og reglugerðum í hverju landi um notkun þráðlausra tækja meðan á akstri stendur.

GPS/valkostir fyrir staðsetningu

Sumar vörur bjóða upp á valkosti fyrir GPS/staðsetningu.

Staðsetningarbúnaður er afhentur „eins og hann er“ og „með öllum göllum“.

Sony tekur enga ábyrgð á nákvæmni slíkra staðsetningarupplýsinga.

Ekki er víst að notkun tækisins á staðsetningarupplýsingum sé án truflana eða villna og hún kann auk þess að velta á framboði kerfisins. Athugið að virkni kann að minnka eða hverfa í tilteknu umhverfi, t.d. innan bygginga eða nálægt þeim.

Varúð: Ekki skal nota GPS virkni þannig að hún truflí akstur.

Neyðarsímtöl

Ekki er hægt að ábyrgjast að símtöl nái í gegn við allar aðstæður. Treystu aldrei eingöngu á Sony Mobile tæki til nauðsynlegra fjarskipta. Hugsanlega eru símtöl ekki möguleg alls staðar eða í öllum kerfum, eða þegar viss kerfisþjónusta og/eða valmöguleikar farsímataækisins eru í notkun. Athugaðu að sum Sony tæki eru ekki í stand til að styðja talhringingar, ásamt neyðarsímtölum.

Loftnet

Notkun á öðrum loftnetum en þeim sem Sony efur sett á markað gæti skaðað tækið, minnkað afköst þess og valdið því að geislun (SAR-gildi) fari yfir viðmiðunarmörk. Haltu ekki fyrir loftnetið með hendinni því að það hefur áhrif á gæði fjarskiptanna, aflnotkun og getur stytt tal- og biðtíma.

Hátíðni (RF) og hltaáhrif (SAR)

Þegar kveikt er á farsímataækinu eða handfrjálsum Bluetooth-búnaði gefur það frá sér hátíðniþylgjur á lágum styrk. Alþjóðleg öryggisviðmið hafa verið þróuð með reglubundnu og ítarlegu mati á vísindarannsóknnum. Þannig hafa verið sett viðmið um leyfileg mörk á útvarpsþylgjum. Viðmiðin innihalda öryggisbil til að tryggja öryggi allra einstaklinga og til að taka hvers kyns frávik í mælingum með í reikninginn.

SAR-gildi (Specific Absorption Rate) er notað til að mæla útvarpsþylgjur sem líkaminn verður fyrir þegar farsímataekið er notað. SAR-gildið er ákvarðað á mesta leyfilega afli við sérstakar aðstæður á rannsóknarstofu, en þar sem tækið er hannað til að nota minnsta nauðsynlega afl til að fá aðgang að völdu kerfi er vel mögulegt að raunverulegt SAR-gildi sé langt fyrir neðan þetta gildi. Ekki hefur verið sannað að munur sé á öryggi eftir mismunandi SAR-gildum.

Vörur með fjarskiptasendum sem seldar eru í Bandaríkjunum verða að vera vottaðar af Federal Communications Commission (FCC). Þegar þörf krefur fara prófanirnar fram þegar tækið er við eyrað og borið á líkamanum.

Tækið hefur verið prófað í að lágmarki 15 mm fjarlægð frá líkamanum án nálægra málmhluta eða þegar það er notað á réttan hátt með viðeigandi Sony aukabúnaði og borið á líkamanum. Þegar notað með kveikt á „heita reitar“ valkosti, var notað í 10 mm fjarlægð.

Frekari upplýsingar um SAR-gildi og hátíðni er að finna á: <http://blogs.sonymobile.com/about-us/sustainability/health-and-safety/sar/>.

Flugstilling

Hægt er að virkja Bluetooth og þráðlaust staðarnet í flugstillingu, ef tækið inniheldur þá valkosti, en þeir gætu verið bannaðir um borð í flugvélum eða á öðrum svæðum þar sem þráðlaus sending er bönnuð. Í slíkum aðstæðum þarftu að fá leyfi áður en þú virkjar Bluetooth eða þráðlaust staðarnet, jafnvel í flugstillingu.

Spilliforrit

Spilliforrit (stytting fyrir óprúttinn hugbúnað) er hugbúnaður sem getur skaðað tækið. Á meðal spilliforrita eða skaðlegra forrita eru vírusar, ormar, njósnaþúfa og önnur óæskileg forrit. Þrátt fyrir að tækið búi yfir öryggisráðstöfunum til að vinna á móti slíku ábyrgist Sony hvorki né staðhæfir að tækið sé ónæmt fyrir spilliforritum. Hægt er að draga úr hættu á árásum frá spilliforritum með því að fara varlega þegar efni er hlaðið niður eða forrit samþykkt, forðast að opna eða svara skeytum frá óþekktum aðilum, nota áreiðanlega þjónustu til að komast á internetið og hlaða einungis niður efni á farsímann sem kemur frá þekktum og áreiðanlegum aðilum.

Aukabúnaður

Notaðu aðeins aukabúnað frá Sony og þjónustu frá vottuðum þjónustuaðilum. Sony prófar ekki aukabúnað frá þriðja aðila. Aukabúnaður getur haft áhrif á hátíðni (RF), fjarskiptagæði, hljóðstyrk, rafmagnsöryggi og fleira. Aukabúnaður og hlutir frá þriðja aðila geta stofnað heilsu þinni og öryggi í hættu eða dregið úr afköstum.

Aðgengislausnir/Sérþarfir

Þú getur notað textasímabúnaðinn þinn með Sony-farsímanum. Upplýsingar um aðgengiseiginleika og lausnir fyrir fólk með sérþarfir má finna á blogs.sonymobile.com/about-us/sustainability/accessibility eða með því að hafa samband við Sony Mobile í síma 1-866-766-9374.

Förgun gamalla raftækja og rafeindabúnaðar (gildir í Evrópusambandinu og öðrum Evrópulöndum með sérstökum söfnunarstöðum)



Þetta merki, á tækinu eða umbúðum þess, gefur til kynna að ekki skuli farga vörunni eins og heimilissorpi. Þess í stað skal fara með hana á rétta skilastaði til endurvinnslu rafmagns- og rafeindabúnaðar.

Með því að tryggja að tækinu sé fargað á réttan hátt hjálpar þú til við að koma í veg fyrir þau neikvæðu áhrif á umhverfið og heilsu manna sem óviðeigandi förgun þessa tækis gæti haft í för með sér. Endurvinnsla stuðlar að verndun náttúruauðlinda. Nánari upplýsingar um endurvinnslu þessa tækis færðu hjá bæjaryfirvöldum á hverjum stað, sorphirðufyrirtækinu þínu eða sölustaðnum þar sem þú keyptir tækið.

Minniskort

Ef fjarlægjanlegt minniskort fylgir með vörunni er hægt að nota minniskortið með farsímanum en ekki er víst að hægt sé að nota það með öðrum tækjum. Kannaðu samhæfni annarra tækja fyrir kaup eða notkun. Ef minniskortalesari er í vörunni skaltu kanna samhæfni minniskorta áður en þú kaupir þau og notar.

Minniskort eru yfirleitt forsníðin við afhendingu. Notaðu samhæft tæki til að endurforsníða minniskortið. Ekki nota staðlað snið stýrikerfis þegar minniskortið er forsníðið á tölvu. Frekari upplýsingar má fá í notendaleiðbeiningum tækisins eða með því að hafa samband við Sony þjónustuver.

SIM-kort

Ef tækið þitt er útbúið með staðlaðri stærð SIM-kortarauf, getur ísetning SIM-korts sem er ósamhæft (til dæmis, SIM-örkort, SIM-kort með millistykki sem er ekki frá Sony eða staðlað SIM-kort sem er skorið í örkortastærð SIM-korts) í SIM-kortaraufina skemmt alveg SIM-kortið þitt eða tækið. Sony ber ekki ábyrgð á og vilja ekki vera ábyrgir á neinum skemmdum sem notkun ósamhæfs eða breyttu SIM-kortum.

Varúð!

Ef nauðsynlegt er að nota millistykki til að tengja kortið við farsímann eða annað tæki skal ekki tengja það án notkunar millistykkisins.

Varúðarráðstafanir vegna notkunar minniskorta

- Minniskortið má ekki verða rakt.
- Ekki snerta tengi þess með hendi eða málmhlutum.

- Ekki slá á minnskortið, sveigja það eða missa það.
- Ekki reyna að taka minnskortið í sundur eða breyta því.
- Ekki nota eða geyma minnskortið í röku umhverfi eða miklum hita, t.d. í lokuðum bíl að sumri til, í beinu sólarljósi, nálægt ofni o.s.frv.
- Ekki ýta á eða sveigja enda millistykkis minnskortsins með of miklu afli.
- Ekki láta óhreinindi, ryk eða aðskotahluti komast í snertingu við tengi millistykkja.
- Gakktu úr skugga um að þú hafir komið minnskortinu rétt fyrir.
- Stingdu minnskortinu eins langt og það kemst inn í millistykkið sem á að nota. Ekki er víst að minnskortið virki eðlilega sé því ekki stungið inn að fullu.
- Mælt er með því að öryggisafrit sé tekið af mikilvægum gögnum. Við erum ekki ábyrg ef efni á minnskortinu glatast eða skemmist.
- Vistuð gögn kunna að skemmast eða eyðast þegar minnskortið eða millistykki er fjarlæggt, eða slökkt er þegar verið er að forsníða, gögn eru lesin eða skrifuð eða vegna stöðurafragns eða rafsviðs.

Verndun persónuupplýsinga

Eyddu persónulegum gögnum áður en vörinni er hent. Núllstilltu símann til að eyða öllum gögnum. Það að eyða gögnum úr minni tækisins tryggir ekki að það sé ekki hægt að endurheimta upplýsingarnar. Sony tekur enga ábyrgð á því ef upplýsingar eru endurheimtar og því hvernig þær verða notaðar, jafnvel þó að síminn hafi verið núllstilltur.

Fyrir tæki sem styðja 3D skjágetu

Þegar 3D myndir eru skoðaðar sem eru teknar með þessu tæki, ef við á, á 3D-samþýðanlegum skjá, getur þú fundið fyrir óþægindum í sambandi við augnspennu, þreytu eða ógleði. Til að koma í veg fyrir þessi einkenni mælum við að þú takir reglulega hlé. Hins vegar, þarft þú sjálf(ur) að ákveða lengd og tíðni á hléum sem þú þarft, þar sem þetta er einstaklingsbundið hve oft hléin eru tekin. Ef þú upplifir einhver óþægindi, hættu þá að skoða 3D myndir þar til þér líður betur, og hafðu samband við lækni, ef þarf. Einnig er vísað til stjórnunarleiðbeiningunum sem fylgja með tækinu eða hugbúnaðinum sem þú hefur tengt eða ert að nota með þessu tæki. Athugaðu að sjón barna er enn að þroskast (sérstaklega hjá börnum undir 6 ára aldir). Hafðu samband

við barnalæknir eða augnlæknir áður en þú leyfir barni þínu að skoða 3D myndir, og tryggðu að hann/hún fari eftir varúðarráðstöfunum hér að ofan þegar þannig myndir eru skoðaðar.

Viðvörðun um hávaða

Forðastu hljóðstyrk sem gæti skaðað heyrnina.

Leyfissamningur notanda

Hugbúnaður sem fylgir þessu tæki og efnisskrám þess er í eigu Sony Mobile Communications Inc., og/eða dótturfyrirtækja þess og birgja þess og leyfisveitenda.

Sony veitir þér takmarkað leyfi sem felur ekki í sér einkarétt til að nota hugbúnaðinn eingöngu í tækinu sem hann er uppsettur á eða fylgir. Eignarhald hugbúnaðarins er ekki selt, yfirfært eða að öðru leyti veitt.

Notaðu ekki neinar aðferðir til að komast að frumkóða eða nokkrum þætti hugbúnaðarins, endurskapa og dreifa hugbúnaðinum eða breyta hugbúnaðinum. Þér er heimilt að yfirfæra réttindi og skyldur tengdar hugbúnaðinum til þriðja aðila, en þá eingöngu með tækinu sem hugbúnaðurinn fylgdi með, að því gefnu að sá þriðji aðili veiti skriflegt samþykki sitt fyrir því að verða bundinn af leyfisskilmálunum.

Leyfið gildir eins lengi og tækið er nothæft. Hægt er að fella það úr gildi með því að yfirfæra skriflega öll réttindi á tækinu til þriðja aðila.

Brjótí notandi gegn ákvæðum og skilmálum þessum fellur leyfið umsvifalaust úr gildi.

Sony, birgjar þess og leyfisveitendur hafa einir réttindi á, tilkall til og hag af hugbúnaðinum. Að því marki sem hugbúnaðurinn inniheldur efni eða kóða frá þriðja aðila skulu slíkir þriðju aðilar hafa réttindi þessara skilmála.

Um leyfi þetta gilda japönsk lög. Þegar það á við skal ofangreint eiga við um lögbundin réttindi neytenda.

Ef hugbúnaði sem fylgir eða er í boði með tækinu þínu fylgja aukin ákvæði og skilmálar skulu þeir líka eiga við um eign þína og notkun á hugbúnaðinum.

Útflutningsreglur

Útflutningsreglur: Tækið og hugbúnaður þess geta verið háð innflutnings eða útflutningsreglum Evrópusambandsins, Bandaríkjanna eða annarra landa. Fylgja verður öllum þessum lögum og reglum og fá viðeigandi útflutnings og innflutningsleyfi sem þarf til afhendingar vörunnar undir þessu samkomulagi. Án takmarkanna áður nefnda, og sem dæmi, munt þú ekki vísitandi flytja út eða endurflytja annan hluta hugbúnaðars til áfangastaðar skilgreind

samkvæmt greinum í kafla II af European Council Regulation (Reglur Evrópuráðsins) (EC) 428/2009 og sérstaklega og án takmarkana, verða að lúta bandarískri útlutningslögum („EAR“, 15 C.F.R. §§ 730-774, <http://www.bis.doc.gov/>) útteilt af bandaríska viðskiptaráðuneytinu, skrifstofu iðnaðar og öryggis; og verða að lúta reglum um viðskoti um viðskiptarbann (30 C.F.R. §§ 500 et. seq., <http://www.treas.gov/offices/enforcement/ofac/>) útteilt af bandarískafjármálaráðuneytinu, skrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Takmörkuð ábyrgð

Sony Mobile Communications AB, SE-221 88 Lund, Sweden, eða tengd fyrirtæki veitt með þessari takmörkuðu ábyrgð fyrir farsímatækid þitt, upprunalega aukabúnaðinn sem fylgir farsímatækinu þínu og/eða farsímatölvuvörinni (hér eftir vísað til sem „vara“). Ef varan þín þar á ábyrgðarþjónustu að halda farðu þá með það til söluaðilans þar sem það var keypt eða hafðu samband við Sony Center staðarins (landsgjald getur átt við) eða á www.sonymobile.com fyrir frekari upplýsingar.

Ábyrgð okkar

Háð takmarkaðri ábyrgð, ber Sony ábyrgð að þessi vara sé án galla í hönnun, efnis og smíði við kaup vörunnar af neytandanum. Þessi takmörkuð ábyrgð varir í tvö (2) ár frá upprunalegri dagsetningu kaupa á vörunni fyrir farsímatækid þitt og í eitt (1) ár frá upprunalegri dagsetningu vörunnar á upprunalegum aukabúnaði (eins og rafhlöðu, hleðslutæki eða handfrjálsa búnaði) sem getur fylgt tækinu þínu.

Hvað við munum gera

Ef, meðan á ábyrgðartíma stendur, þessi vara hættir að virka undir eðlilegri notkun, vegna galla í hönnun, efnis eða smíði, löggiltir dreifingaraðilar Sony eða viðhaldsaðila, í landi/svæði* þar sem varan var keypt, mun, að þeirra vali, annað hvort gera við, skipta út eða endurgreiða vöruna samkvæmt skilmálum skráðum hér í.

Sony og viðhaldsaðila áskilja sér rétt til afgangsgjalds ef vörunni er skilað aftur án ábyrgðar samkvæmt skilyrðum hér að neðan.

Athugaðu að sumar persónulegar stillingar, niðurhal og aðrar upplýsingar geta tapast þegar Sony gerir við vöruna eða skiptir henni út. Í augnablikinu getur Sony verið hindrað vegna viðeigandi laga, eða aðra reglna eða tæknilega takmarkanna að taka öryggisafrit af ákveðnu niðurhali. Sony ber enga ábyrgð á tapi af neins konar upplýsingum og mun ekki bæta fyrir þess konar tap. Þú ættir alltaf að taka öryggisafrit af öllum upplýsingum af Sony

vörunni eins og niðurhali, dagbók og tengiliðum áður en þú lætur Sony vöruna af hendi til viðgerðar eða ef skipta á um hana.

Skilmálar

1. Þessi takmarkaða ábyrgð er aðeins gild ef upprunalega kvittunin fyrir vörunni, gefin út af viðurkenndum Sony-söluaðila með dagsetningu kaupanna og raðnúmeri**, fylgir vörunni þegar hún er send til viðgerðar eða þegar henni er skipt út. Sony áskilur sér rétt til að hafna því að veita þjónustu á grundvelli ábyrgðar sé búið að fjarlægja þessar upplýsingar eða hafi þeim verið breytt eftir að varan var upphaflega keypt hjá söluaðila.
2. Ef Sony gerir við eða skiptir um vöruna gildir ábyrgðin fyrir þá gölluðu vöru sem gert var við eða skipt um einungis þann tíma sem eftir er af upphaflegum gildistíma ábyrgðar eða í níutíu (90) daga frá dagsetningu viðgerðar, þ.e. hvort tímabilið sem lengra er. Viðgerð eða skipti geta falið í sér notkun á viðgerðum vörum sem virka á jafngildan hátt og nýjar. Hlutir eða íhlutir sem skipt er um verða eign Sony.
3. Ábyrgð þessi nær ekki til bilunar sem stafar af:
 - Eðlilegu sliti.
 - Notkunar við aðstæður sem eru utan viðeigandi IP-marka, ef við á, (þ.m.t. tjón af völdum vökva eða ef vart verður við vökva inni í tækinu vegna slíkrar notkunar).
 - Rangrar notkunar ef notkunar sem ekki samræmist leiðbeiningum frá Sony um notkun og viðhald vörunnar.

Ábyrgðin nær ekki heldur til neins konar bilunar vörunnar vegna óhapps, breytingar eða endurstillingar á hugbúnaði eða vélbúnaði eða óviðráðanlegra atburða.

Hægt er að endurhlaða og afhlaða endurhlaðanlega rafhlöðu mörg hundruð sinnum. Hins vegar mun hún slitna – þetta er ekki galli og samsvarar eðlilegu sliti. Þegar taltími eða sá tími sem síminn getur verið í viðbragðsstöðu er greinilega orðinn styttri, er tími til kominn að skipta um rafhlöðu. Sony mælir með því að aðeins rafhlöður og hleðslutæki sem Sony hefur samþykkt séu notuð.

Óverulegur munur getur verið á birtustigi skjás og litum í mismunandi tækjum. Örmáir dökkir eða ljósir blettir geta verið á skjánum. Það gerist þegar einstaka punktar hafa bilað og ekki er hægt að laga þá. Tveir bilaðir pixlar teljast vera viðunandi.

Lítilsháttar munur getur verið á birtustigi skjás og litum í tækjunum. Þetta er ekki óþekkt og er ekki lítið á það sem bilun í einingu myndavélarinnar.

4. Þar sem annar þjónustuaðili en Sony rekur farsímakerfið sem varan er notuð í þer Sony ekki ábyrgð á rekstri, framboði, langdrægi, þjónustu eða getu þess kerfis.
5. Þessi ábyrgð gildir ekki um bilun vörunnar vegna uppsetningar, breytinga, viðgerða eða opnana á vörunni sem aðrir en aðilar sem viðurkenndir eru af Sony framkvæma.
6. Ábyrgð þessi gildir ekki um bilanir vörunnar vegna notkunar aukahluta eða annars jaðarbúnaðar sem er ekki Sony aukabúnaður sem ætlaður er til notkunar með vörunni.
Sony ber ekki nokkra ábyrgð, beina eða óbeina, á göllum sem verður á vörunni eða yfirborði tækja vegna vírusa, trójuhesta, njósnabúnaðs eða annars skaðlegs hugbúnaðar. Sony mælir sterklega með að þú setjir upp viðeigandi veiruvörn fyrir vöruna þína og jaðartæki sem tengjast við hana, eins og við á, og uppfærir hana reglulega til að vernda betur tækið þitt. Hins vegar er ljóst að slíkur hugbúnaður getur aldrei verndað vöruna eða jaðartæki hennar að fullu og Sony afsalar sér öllum ábyrgðum, beinum eða óbeinum, ef slík vírusvörn virkar ekki sem skyldi.
7. Sé átt við einhver innsigli á vörunni fellur ábyrgðin úr gildi.

8. **ENGAR BEINAR ÁBYRGÐIR GILDA, HVORKI SKRIFLEGAR NÉ MUNNLEGAR, AÐRAR EN ÞESSI TAKMARKAÐA ÁBYRGÐ. ÖLL ÓBEIN ÁBYRGÐ, Þ.M.T. ÁN TAKMARKANA ÓBEIN ÁBYRGÐ Á SELJANLEIKA EÐA NOTAGILDI Í TILTEKNUM TILGANGI, TAKMARKAST VIÐ GILDISTÍMA ÞESSARAR TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐAR. UNDIR ENGUM KRINGUMSTÆÐUM SKAL FALLA SKAÐABÓTASKYLDA Á SONY EÐA LEYFISHAFA ÞESS VEGNA TILFALLANDI EÐA AFLEIDDS TJÓNS AF NOKKRU TAGI, Þ.M.T. EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ HAGNAÐARTAP EÐA TJÓN Á VIÐSKIPTUM. ÞETTA GILDIR AÐ ÞVÍ MARKI SEM HEIMILT ER AÐ HAFNA SLÍKRI SKAÐABÓTASKYLDU Á GRUNDEVLLI LAGA.**

Sum lönd/ríki heimila ekki útilokun eða takmörkun á beinni eða óbeinni skaðabótarábyrgð, eða takmörkun á gildistíma óbeinnar ábyrgðar, og gildir þá ofangreind útilokun eða takmörkun ábyrgðar ekki.

Veitt ábyrgð hefur ekki áhrif á lögbundin réttindi neytandans skv. viðeigandi lögum sem í gildi eru, né á réttindi neytandans gagnvart söluaðila á grundvelli sölu-/kaupsamnings þeirra.

Ákvæði fyrir tiltekin lönd

Hafir þú keypt vöruna í landi sem tilheyrir Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða í Sviss eða Tyrklandi, og hafi varan verið ætluð til sölu í EES eða Tyrklandi eða Sviss, getur þú fengið þjónustu fyrir vöruna í öllum EES-löndum, Tyrklandi og Sviss samkvæmt ábyrgðarskilmálunum sem gilda í landinu þar sem þú þarfnast þjónustu, að því gefnu að viðurkenndur Sony-dreifingaraðili selji sömu vöruna í landinu. Viljir þú komast að því hvort varan sé seld í landinu þar sem þú ert skaltu hringja í viðkomandi Sony-þjónustumiðstöð. Athugið að sum þjónusta er e.t.v. ekki í boði annars staðar en þar sem varan var keypt, t.d. ef innihald eða yfirborð vörunnar er öðruvísi en í sambærilegum gerðum sem seldar eru í öðrum löndum. Athugið enn fremur að stundum er ekki hægt að gera við vörur með læstu SIM-korti. ** Í sumum löndum/svæðum er e.t.v. beðið um frekari upplýsingar (t.d. gilt ábyrgðarskírteini).

Vörumerki, viðurkenningar og höfundarréttur

©2015 Sony Mobile Communications Inc. og tengdir aðilar. Allur réttur áskilinn.

Xperia er vöruheiti eða skráð vörumerki Sony Mobile Communications Inc.

Sony er vörumerki eða skráð vörumerki Sony Corporation.

Bluetooth er vörumerki eða skráð vörumerki Bluetooth SIG Inc. og sérhver notkun Sony á því er samkvæmt leyfi.

Öll vöru- og fyrirtækjaheiti sem nefnd eru hér eru vörumerki eða skráð vörumerki viðkomandi eiganda.

Allur réttur sem ekki er veittur skýlaust í handbók þessari er áskilinn.

Nánari upplýsingar er að finna á *www.sonymobile.com*.

www.sonymobile.com

SONY®

Sony Mobile Communications Inc.
1-8-15 Konan, Minato-ku, Tokyo 108-0075, Japan

SONY®

Important information

©2015

Sony Consumer Web site

At www.sonymobile.com/support there is a support section where help and tips are only a few clicks away. Here you will find the latest computer software updates and tips on how to use your product more efficiently.

Service and support

You have access to a portfolio of exclusive service advantages such as:

- Global and local Web sites providing support.
- A global network of Contact Centers.
- An extensive network of Sony service partners.
- A warranty period. Learn more about the warranty conditions in the *Limited Warranty* section.

At www.sonymobile.com/support or www.sonymobile.com/contact, you can find the latest support tools and information. For operator-specific services and features, please contact your network operator.

You can also contact our Contact Centers or contact your local dealer. (Calls are charged according to national rates, including local taxes, unless it is a toll-free number.)

If your product needs service, please contact the dealer from whom it was purchased, or one of our service partners. To make a claim under the limited warranty, proof of purchase is required.

Guidelines for Safe and Efficient Use

Please follow these guidelines. Failure to do so might entail a potential health risk or product malfunction. If in doubt as to its proper function, have the product checked by a certified service partner before charging or using it.



Recommendations for care and safe use of our products

- Handle with care and keep in a clean and dust-free place.
- Warning! May explode if disposed of in fire.
- Do not use in environments where relevant IP rating limitations, if applicable, are exceeded (including excess depths and/or pressures of liquid and/or dust) or expose to excess humidity.
- For optimum performance, the product should not be operated in temperatures below -10°C ($+14^{\circ}\text{F}$) or above $+45^{\circ}\text{C}$ ($+113^{\circ}\text{F}$). Do not expose the battery to temperatures above $+60^{\circ}\text{C}$ ($+140^{\circ}\text{F}$).
- Do not expose to flames or lit tobacco products.
- Do not drop, throw or try to bend the product.



- Do not paint or attempt to disassemble or modify the product. Only Sony authorised personnel should perform service.
- Consult with authorised medical staff and the instructions of the medical device manufacturer before using the product near pacemakers or other medical devices or equipment.
- Discontinue use of electronic devices, or disable the radio transmitting functionality of the device, where required or requested to do so.
- Do not use where a potentially explosive atmosphere exists.
- Do not place the product, or install wireless equipment, in the area above an air bag in a car.
- Caution: Cracked or broken displays may create sharp edges or splinters that could be harmful upon contact.
- Do not use a Bluetooth Headset in positions where it is uncomfortable or will be subject to pressure.
